

Ár 2021, mánudaginn 15. mars er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 2/2021

Handknattleiksdeild Knattsp.félagsins Harðar (HKH)

gegn

Mótanefnd Handknattleikssambands Íslands (MHSÍ)

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta er höfðað og þingfest með kæru dagsettri 4. mars 2021 sem móttokin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag ásamt fylgigönum.

Fyrirsögn í bréfi kæranda ber yfirskriftina “kæra Harðar gegn Vængjum Júpíters V/leiks fyrrgreindra í Dalhúsum 20. febrúar 2021”.

Í efni kærunnar kemur fram að kærðu séu MHSÍ.

Aðilar málsins eru því HKH gegn MHSÍ.

Dómsformaður mat málið tækt til meðferðar og þingfesti málið. Smára Hilmarssyni var úthlutað málið til meðferðar.

Dómari málsins sendi kæruna til HSÍ með ósk um viðbrögð mótnefndar HSÍ, þá var kæran einnig send Vængjum Júpíters og þeim boðið að gera athugasemdir þó félagið sé ekki aðili málsins.

Greinargerð barst frá Vængjum Júpíters þann 07.03 2021.

Dómari fékk senda niðurstöðu MHSÍ frá 26.02 2021 og atvikalýsingu frá eftirlitsdómara leiksins.

MHSÍ ákvað að láta málið ekki til sín taka og skilaði ekki greinargerð, né komu frekari gögn frá HSÍ.

Ofangreind gögn eru því dómsgögn málsins.

Dómari málsins leitaði eftir afstöðu aðila hvort óskað væri eftir sérstöku þinghaldi í málínu svo ræða mætti framhald þess, eða hvort aðilir óskuðu eftir að málið yrði dæmt

á grundvelli framlagðra gagna. Eins og fram hefur komið lýsti MHSÍ því yfir að nefndin myndi ekki láta málid til sín taka.

HKH lýsti því yfir að félagið samþykkti að málid yrði dæmt á grundvelli framlagðra gagna og að ekki þyrfti að boða til sérstaks þinghalds.

Kröfur og málsatvik.

Kærandi krefst þess aðallega að úrskurði mótanefndar HSÍ þann 3. mars 2021 um að leikur Vængja Júpíters (VJ) og Harðar í Grill66 deild karla (1.deild karla) skuli hafa farið 10-0 verði felldur úr gildi og rétt úrslit leiksins látin standa á grundvelli aðildarskortar en VG kt. 460110-1220, þeir sem óskuðu keppnisleyfi í deildinni og eru aðilar að öllum leikmannasamningum, eru ekki aðilar að HSÍ enda félagið afskráð í mars 2020 eins og það er orðað í kærunni. Ekkert félag er skráð með þessu nafni í félagaskrá skv. því sem fram kemur í kærunni.

Til vara er þess krafist að sama úrskurði verði hnekkt og úrslit leiksins látin standa á grundvelli efnisvarna.

Til þrautavara er þess krafist að úrskurðinum verði hnekkt og leikurinn verði spilaður að nýju.

Aðalkrafa kæranda fjallar um aðildarskort VG og skilur dómurinn kröfuna þannig að með vísan til þess að kennitala VG hafi verið afskráð geti félagið ekki verið aðili að HSÍ og hafi því ekki aðildarhæfi og því sé ekki hægt að fella úrskurði innan HSÍ vegna aðila sem svo háttar um.

Í gögnum sem VG sendi hefur verið upplýst að rétt sé að félagið hafi fyrir mistök og án heimildar stjórnar verið afskráð. Úr þessu hafi nú verið bætt. Hefur dómarí fengið staðfest að VG kt. 460110-1220 er nú á til á skrá sem lögaðili og afskráning sú sem kærandi vísar til hefur verið afmáð.

Þá hafa aðildarsambönd innan ÍSÍ, sem og ÍSÍ, ekki gert strangar kröfur hvað varðar skráningar aðildarfélaga og hefur félögum sem ekki hafa kennitölur verið heimiluð þáttaka innan ÍSÍ og sérsambanda.

Með vísan til þessa hafnar dómurinn aðalkröfu HKH að fella úrskurð MHSÍ niður á grundvelli aðildarskorts.

Hvað varðar vara og þrautavarakröfur kæranda vísar hann til þess að túlkun MHSÍ á 32. grein reglugerðar um handknattleiksmót standist ekki. Vísar kærandi til þess að

dómarar hefðu átt að ljúka leik þegar atvikið komst upp en gerðu ekki. Umræddum leikmanni, sem ekki var á leikskýrslu hafi verið vikið af velli, félagið fengið 2 mínútur í brottvísun, gult spjald og leikmaðurinn rautt. Dómarar hafi tekið ákvörðun um framhald leiksins og það mat þeirra verði ekki kært. Er það mat kæranda að ef leikmaðurinn hefði haft áhrif á úrslit leiksins hefði verið réttast, eðli máls samkvæmt, að leik yrði þá þegar verið lokið þegar upp um mistökin kemst. Það hafi ekki verið gert og dómarar hafi beitt leikmanninn refsingu. Ábyrgð kæranda hafi því þegar komið fram og félagið þegar hlotið þá refsingu sem því vera ber. Er það mat kæranda að túlka beri 32. grein reglugerðarinnar þannig að stöðva eigi leiki í hvert einasta skipti ef svona gerist og ekki framhaldið aftur eins og skriffað er í kæruna. Að mati kæranda hafi umræddur leikmaður því verið löglegur þáttakandi í leikum með vísan til regla 2. mgr. 4:3 sem og það að hann hafði þegar verið kynntur til starfsmanns leiksins rafrænt sem á þessum tíma verður að telja ábyrgð hegðun eins og skriffað er í kæruna.

Niðurstaða.

Af gögnum málsins virðist ljóst að HKH og VG greinir á um undirbúning og framkvæmd þess leiks sem málið tekið til.

Dómurinn hefur undir höndum atvikalýsingu sem eftirlitsdómari leiksins sendi HSÍ.

Kemur þar fram að starfsmaður kæranda hafi uppb. 10 mínútum áður en leikurinn hófst tekið leikskýrsluna að bekknunum til að fullvissa sig um að allt væri rétt og þegar hann hafi komið til baka með hana þá staðfesti hann að allt væri eins og það ætti að vera eins og ritaoð er í atvikalýsinguna. Þá kemur fram í atvikalýsingunni að þegar leikmenn kæranda hafi hlaupið inn á völl og stillt sér upp fyrir kynningu voru þeir 15 á vellinum þannig að fjöldi passaði við leikskýrslu.

Þá kemur fram að þegar 13 mínútur voru liðnar af leiknum taki ritari, sem einnig var umsjónarmaður leiksins eftir því að leikmaður nr. 25 í liði kæranda hafi ekki verið á leikskýrslu og léti eftirlitsómara vita af því. Hafi eftirlitsdómari stöðvað leikinn næst þegar boltinn var úr leik og kallað á dómarar, leikmann nr. 25 og starfsmann á bekk kæranda til sín. Þegar í ljós hafi komið að leikmaðurinn var ekki á skýrslu var honum vísað af svæðinu, starfsmaður kæranda fékk áminningu og leikmenn kæranda spila einum færri í 2 mínútur.

Dómurinn telur ljóst að kærandi beri ábyrgð á þeim mistökum að leikmaður nr. 25 var ekki á skýrslu og þær refsingar sem dómarar leiksins ákváðu á leikstað í samræmi við reglur.

Kemur þá til skoðunar niðurstaða MHSÍ að kærandi hafi notað ólöglegan leikmann í leiknum og að kærandi hafi tapað leiknum 0-10.

Vísar MHSÍ í úrskurði sínum til 33. greinar reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót í rökstuðningi sínum, en á þar við 32. grein. Er þar væntanlega um innsláttarvillu að ræða.

Í 32. grein reglugerðarinnar er skýrt kveðið á um það að ef félag notar leikmann sem er ólöglegur, er ekki á leikskýrslu og kemur inn á leikvöllinn eftir upphafsmerki dómarar í viðkomandi leik, og slikt er tilkynnt inn til mótanefndar með formlegum hætti innan 48 tíma frá lokum leiks, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-10 þar sem leiktími er 2x30 mínútur, nema tap hafi verið stærra, þá skuli markatalan ráðan.

Orðalagið er skýrt og er túlkun MHSÍ rétt að mati dómsins.

Kærandi hefur vísað til dóms Dómstóls HSÍ í málínu nr. 1/2019 til stuðnings kröfum sínum.

Að mati dómsins eru atvik ekki með sama hætti og forsendur dómins í málí 1/2019. Sá dómur byggir m.a. á því að leikmaður hafi ekki tekið þátt í leiknum, og að dómurum þess leiks hafi borið að yfirfara leikskýrslur áður en leikurinn var flautaður á. Enginn eftirlitsdómari var á þeim leik og ábyrgð dómarar því ríkari í því tilviki að mati dómsins.

Ljóst er að starfsmaður kæranda fór yfir leikskýrslu rétt fyrir leik og staðfesti að allt værir rétt. Gátu dómarar leiksins því ekki haft áhrif á að skýrslan væri ekki rétt. Þá tók leikmaður kæranda þátt í leiknum uns hann var stöðvaður.

Að þessu virtu er það mat dómsins að hafna beri öllum kröfum kæranda í málínu og að niðurstala MHSÍ um að kærandi hafi tapað leiknum 0-10 standi.

DÓMSORD:

Niðurstaða mótanefndar HSÍ að kærandi hafi notað ólöglegan leikmann í leik Vængja Júpíters og Harðar er staðfest og jafnframt er staðfest sú niðurstaða að Hörður hafi tapað leiknum 0-10.

F.h. Dómstóls HSÍ

Smári Hilmarsson